

Sp.

333. Fyrirspurnir.

[186. mál]

I. Til samgönguráðherra um ábyrgð vegna mistaka við hönnun hafnarmannvirkja á Akureyri.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hverjar eru helstu niðurstöður nýútkominnar skýrslu danskra sérfræðinga um burðarþol og hagnýtt gildi nýrra hafnarmannvirkja við Oddeyrartanga á Akureyri?
2. Hyggst ráðherra láta kanna til hlítar, hver beri ábyrgð á mistökum við hönnun mannvirkjanna, svo að réttur aðili beri kostnað, sem af þeim stafar?

II. Til iðnaðarráðherra um orkusölu Landsvirkjunar til Norðlendinga.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hvenær telur ráðherra, að Landsvirkjun geti selt Norðlendingum örugga raforku um fyrirhugaða háspennulínu frá Landsvirkjunarsvæðinu til orkuveitusvæðis Laxárvirkjunar?
2. Telur ráðherra, að formaður stjórnar Landsvirkjunar hafi haft rétt fyrir sér, þegar hann sagði í fjölmiðlum, að Landsvirkjun væri ekki aflögufær með orku til Norðlendinga fyrr en á árinu 1977?
3. Telur ráðherra, að Landsvirkjun geti selt Norðlendingum orku við svipaðar aðstæður og sköpuðust í nóvember og desember s. l.?
4. Hefur ráðherra í hyggju að gera bindandi samning við stjórn Landsvirkjunar um orkusölu til Norðlendinga, ef háspennulína norður verður reist, og að fyrst og fremst verði stefnt að því á næstu árum að afla Norðlendingum innlendrar raforku á þann hátt?